



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 8/2023 (nr. 98)

Dagsetning: 21. september 2023, Kl. 15:00 – 16:30

Staðsetning: TEAMS

Fundinn sátu eftirtalið háskólaráðsfólk: Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG), Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS). Laufey Haraldsdóttir (LH), Sveinn Margeirsson (SM) og Róbert Smári Gunnarsson (RG). Lilja Sigurlína Pálmaðóttir (LSP) boðaði forföll.
LH ritaði fundargerð.

Dagskrá 8 fundar 2023:

1. Dagskrá fundar nr. 8/2023 (98) *Til samþykktar*
2. Fundargerðir fundar nr. 7/2023 (97) *Til samþykktar*
3. Húsnæðismál Háskólans á Hólum *Til upplýsinga*
4. Samtal um aukið samstarf við Háskóla Íslands *Til upplýsinga*
5. Upphof skólaárs *Til upplýsinga*
6. Uppfærsla á starfsreglum *Til upplýsinga*
7. *Staðarhald - Ferðaþjónustan á Hólum* *Til upplýsinga*
8. Nýtt reiknilíkan háskóla *Til upplýsinga*
9. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Drög af dagskrá fundar nr. 8/2023
2. Fundargerð fundar nr. 7/2023

Liðir 1 og 2 voru samþykktir.

3. Húsnæðismál Háskólans á Hólum (HH)

Mygla í aðalbyggingu. Líkt og kunnugt er var eldri hluta aðalbyggingar Háskólans á Hólum/skólahússins lokað nýverið vegna heilsuspíllandi myglu og mygluryks. Þann 26. ágúst fóru fram alþrif á 2. og 3. hæð hússins. Þann 6. og aftur 14. september fór fram ástandsskoðun á þessum sömu hæðum og sýni send í greiningu. Niðurstöður liggja ekki fyrir sem stendur. Upplýsingafundur verður haldinn þann 25. september n.k. með HH, Fjársýslunni - Ríkiseignir og verkfræðistofunum Eflu og Stoð, þar sem niðurstöður sýnanna verða ræddar og ákvörðun tekin um hvort 2. og 3. hæð verði opnaðar að nýju eða hvort leita verði annarra leiða með húsnæði fyrir starfsemi háskólans, sem annars færi þar fram.

Uppbygging á Hólum og Sauðárkróki. Staða húsnæðismála er sú að í fjárlagafrumvarpi fyrir 2024 er enn inni 6. gr. heimild um leigu eða kaup á húsnæði fyrir Háskólann á Hólum. Engin upphæð tilgreind og þarf að leita fjármögnumunarleiða. Þá er til undirritaður samningur/viljayfirlýsing við HVIN ráðuneytið þar sem ráðuneytið skuldbindur sig til þess að vinna að krafti við að leysa húsnæðisvanda HH samhliða viðræðum á milli HH og HÍ. Rektor er í stöðugu samtali við ráðuneytið og er bjartsýn á að úr leysisi.



4. Samtal um aukið samstarf við Háskóla Íslands

Samtalið gengur vel þar sem fundað hefur verið með HVIN ráðuneyti og fulltrúum HÍ saman, og einnig með HÍ fólk sérstaklega. Hugmyndir um háskólasamstæðu ber hæðst.

5. Upphof skólaárs/Rannsóknir og kennsla

Skólaárið fer vel af stað þrátt fyrir lokun á eldri hluta skólabyggingar. Nýnemadagar voru haldnar í Miðgarði í Varmahlíð. Mikil aukning er í fiskeldisnámið frá fyrra ári og svipuð aðsókn í hesta- og ferðamálafræðinám.


Rektor upplýsir um að Ferðamálafræðideild undir forystu Dr. Guðnýjar Zoëga hafi hlotið stóran styrk úr bandaríksa rannsóknarsjóðnum (National Science Foundation/NSF) til rannsókna á Höfnum á Skaga.

6. Uppfærsla á starfsreglum

Samkvæmt reglum skólans ber að uppfæra starfsreglur háskólans á tveggja ára fresti. Þær voru síðast uppfærðar í nóvember 2021. Unnið er að uppfærslu reglnanna og gert ráð fyrir að ljúka því fyrir lok árs 2023.

Umræða skapaðist um skipurit háskólans og fram koma að nýtt skipurit var samþykkt af háskólaráði í júní 2022. Það má finna á vef háskólans.

Gildandi skipurit:



7. Staðarhald

Rektor upplýsir um að verið sé að skoða staðarhald á Hólum.

8. Nýtt reiknilíkan háskóla

Rektor fer yfir nýtt reiknilíkan háskóla sem ráðherra kynnti á dögunum. Enn á eftir að skýra hvað þetta þýðir nákvæmlega fyrir Háskólanum á Hólum. Boðað hefur verið til fundar í HVIN ráðuneyti 22. sept. til að útskýra líkanið betur og hvaða áhrif það hefur á einstaka



háskóla. Umræður sköpuðust, þar sem meðal annars kom fram vilji ráðsins að sérstaða HH verði undirstrikuð í samtali við ráðuneytið. Má þar nefna sérstöðu vegna áhrifa til byggðaþróunar, starfsnám í öllum deildum skólans, möguleika og vilja til að starfa þvert á greinar háskólans.

Fundi slitið kl. 16:30